3. gr.

Viðbótarbókun þessi gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku hennar.

Vörsluaðili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga. Viðbótarbókun þessi gildir til 25. ágúst 1989. Fylgjast skal stöðugt með framkvæmd ákvæða 1. gr. og meta áður en tekin verður ákvörðun um reglur til frambúðar um hjúkrunarfræðinga í samningnum frá 25. ágúst 1981.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkjanna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarbókun þessa.

Gjört í Skagen 27. ágúst 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Artikel 3

Denne tillægsprotokol træder i kraft, 30 dage efter at samtlige kontraherende stater har meddelt til det svenske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som kræves for aftalens ikrafttræden er gennemført.

Depositaren underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelsen af disse meddelelser. Denne aftale om tillægsprotokol skal gælde indtil den 25. august 1989. Gennemførelsen af bestemmelserne i artikel 1 skal løbende følges og vurderes, inden der tages endelig stilling til den fortsatte regulering af gruppen sygeplejersker i overenskomsten af 25. august 1981.

SOM BEKRÆFTELSE HERPÅ her undertegnede tilbørligt befuldmægtigede repræsentant undertegnet denne tillægsprotokol.

UDFÆRDIGET I SKAGEN den 27. august 1987 i ét eksemplar på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

9. mars 1990 Nr. 5

AUGLÝSING

um samning við Alþjóðabankann og Alþjóðaframfarastofnunina um ráðgjafasjóð.

Hinn 5. mars 1990 var undirritaður samningur milli Íslands og Alþjóðabankans til endurbyggingar og nýbyggingar og Alþjóðaframfarastofnunarinnar um ráðgjafasjóð. Samningurinn öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari en með bréfi sem birt er í fylgiskjali 2 er samningurinn látinn ná einnig til Alþjóðalánastofnunarinnar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. mars 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

5. mars 1990

Hr. Moeen A. Qureshi,
1. varaforseti rekstrarsviðs,
Alþjóðabankanum
1818 H Street, N.W.
Washington, D.C. 20433.

Kæri hr. Qureshi,

Ég hef þá ánægju að tilkynna yður að ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að veita Alþjóðabankanum (IBRD) og Alþjóðaframfarastofnuninni (IDA), sem hér á eftir kallast sameiginlega Alþjóðabankinn, 75 000 Bandaríkjadala styrk til að stofna Íslenska ráðgjafasjóðinn. Sjóð þennan getur Alþjóðabankinn notað til að greiða þóknun einstakra ráðgjafa frá Íslandi sem Alþjóðabankinn ræður til að undirbúa, meta og hafa eftirlit með verkefnum og áætlunum Alþjóðabankans (en bankinn einn ákvarðar val þeirra), svo og annarri þeirri starfsemi sem samkomulag kann að verða um.

Ráðning framangreindra ráðgjafa, svo og stjórnun og framkvæmd samninga milli Alþjóðabankans og framangreindra ráðgjafa og/eða þriðja aðila, verður alfarið á ábyrgð Alþjóðabankans og skal háttað í samræmi við venjulega starfshætti bankans. Að beiðni Alþjóðabankans mun ríkisstjórn Íslands, eftir því sem henni er framast unnt, láta Alþjóðabankanum í té upplýsingar um sérfræðikunnáttu þá sem finna má á Íslandi á sviðum er Alþjóðabankinn kann að hafa áhuga á.

Ef ríkisstjórn Íslands fer þess á leit mun bankinn láta henni í té útdrátt úr skýrslum sem íslenskir ráðgjafar gefa Alþjóðabankanum við lok starfa sinna.

Ríkisstjórn Íslands mun leggja styrktarféð inn á reikning „T" í Federal Reserve Bank of New York í nafni IDA (T-reikninginn). Alþjóðabankinn hefur umsýslu með sjóðnum fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands í samræmi við skilmála bréfs þessa. Verður styrktarfénu haldið aðskildu frá fé Alþjóðabankans og Alþjóðaframfarastofnunarinnar. Geyma má styrktarféð með öðrum sjóðseignum á T-reikningnum. Bankinn hefur rétt til að taka út úr T-reikningnum til að greiða þóknun til íslenskra ráðgjafa sem Alþjóðabankinn hefur ráðið samkvæmt samningi þessum. Alþjóðabankanum er

March 5, 1990

Mr. Moeen A. Qureshi
Senior Vice President, Operations
The World Bank
1818 H Street, N.W.
Washington, D.C. 20433

Dear Mr. Qureshi:

I have the pleasure of advising you that the Government of Iceland has decided to make available to the International Bank for Reconstruction and Development (IBRD) and the International Development Association (IDA), hereinafter collectively referred to as the World Bank, a grant of US $ 75,000 for establishing an Icelandic Consultant Trust Fund. This fund may be used by the World Bank to pay the fees of individual consultants from Iceland engaged by the World Bank for the preparation, appraisal and supervision of World Bank financed projects and programs (the selection of which will be at the sole discretion of the Bank) and such other activities as may be agreed upon.

The recruitment of said consultants, and the administration and enforcement of any provisions of any agreement entered into between the World Bank and any of said consultants and/or third parties, will be the responsibility solely of the World Bank and will be carried out in accordance with the World Bank's normal procedures. At the request of the World Bank, the Government of Iceland will, to the best of its ability, make available to the World Bank information concerning expertise available in Iceland in sectors which may be of interest to the World Bank.

The Bank will provide the Government of Iceland, at its request, with summaries of the reports submitted to the World Bank by the Icelandic consultants upon completion of their assignments.

The Government of Iceland will deposit the grant funds in Account "T" maintained with the Federal Reserve Bank of New York in the name of IDA (the T-Account). The grant funds will be administered by the World Bank on behalf of the Government of Iceland in accordance with the terms of this letter. The grant funds will be kept separate and apart from the funds of IBRD and IDA. The grant funds may be comingled with other trust fund assets maintained in the "T-Account". The Bank will be entitled to draw on the T-Account for financing the fees of Icelandic

frjálst að skipta fénu á T-reikningnum í annan gjaldmiðil til að auðvelda ráðstöfun þess. Alþjóðabankinn getur notað óráðstafað fé á T-reikningnum til fjárfestingar og endurfjárfestingar. Bætast tekjurnar, sem áskotnast, við T-reikninginn og eru notaðar í sama tilgangi.

Alþjóðabankinn mun halda sérstakar bækur og höfuðstólsreikninga um styrktarféð á T-reikningnum og greiðslur af honum og mun láta ríkisstjórn Íslands í té einu sinni á ári, svo og þegar styrktarfénu á T-reikningnum er að fullu ráðstafað, reikningsyfirlit í Bandaríkjadölum um styrktarféð.

Alþjóðabankinn mun sýna sömu alúð við framkvæmd starfa þeirra sem lýst er í bréfi þessu og við stjórnun og framkvæmd eigin mála og skal hann ekki bera meiri skyldur að því leyti gagnvart ríkisstjórn Íslands.

Eftirfarandi embættismenn skulu bera ábyrgð á samstarfi varðandi öll atriði sem snerta efni samnings þessa:

Fyrir hönd Alþjóðabankans:
Cofinancing Adviser
Official Aid Agencies
International Bank for
Reconstruction and
Development, og

International Development
Association
1818 H Street, N.W.
Washington, D.C. 20433

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Skrifstofustjóri
viðskiptaráðuneytisins,
Arnarhvoli
101 Reykjavík
Íslandi.

Samningurinn gengur í gildi á þeim degi, er báðir aðilar hafa undirritað hann, og skal gilda þangað til allt styrktarféð hefur verið tekið út af T-reikningnum nema annar hvor aðilanna hafi sagt honum upp skriflega með sex mánaða fyrirvara.

Ef samningi þessum er sagt upp skal uppsögnin ekki hafa áhrif á samninga sem Alþjóðabankinn hefur þegar gert við ráðgjafa og/eða þriðja aðila og hefur Alþjóðabankinn rétt til að halda áfram að

consultants engaged by the World Bank pursuant to this arrangement. The funds in the T-Account may be freely exchanged by the World Bank into other currencies as may facilitate their disbursement. The World Bank may invest and reinvest the funds in the T-Account pending their disbursement. The income earned will be added to the T-Account and used for the same purpose.

The World Bank will maintain separate records and ledger accounts in respect of the grant funds in the T-Account and of disbursements made therefrom, and will submit to the Government of Iceland a financial statement in United States Dollars with respect to the grant funds, once a year and once the grant funds in the T-Account are fully disbursed.

The World Bank will exercise the same care in the discharge of the functions described in this letter as it exercises with respect to the administration and management of its own affairs and shall have no further liability to the Government of Iceland in respect thereof.

The officers responsible for the coordination of all matters relating to the content of this arrangement will be the following:

For the World Bank:
Cofinancing Adviser
Official Aid Agencies
International Bank for
Reconstruction and
Development, and

International Development
Association
1818 H Street, N.W.
Washington, D.C. 20433

For the Government of Iceland:
Deputy Secretary General
Ministry of Commerce
Arnarhvoll
101 Reykjavik
Iceland

The arrangement will enter into force on the day of its signature by both parties and will remain in force, unless terminated by any one of the parties upon six-months prior written notice, until the grant funds in the T-Account are fully withdrawn.

If this arrangement is terminated, such termination shall not affect any agreements already entered into between the World Bank and any consultant and/or third party, and the World Bank

taka fé út af T-reikningnum vegna þeirra samninga á sama hátt og ef samningi þessum hefði ekki verið sagt upp. Að loknum þessum úttektum skal skila ríkisstjórn Íslands innstæðu á T-reikningnum og skal þá líta svo á að skuldbindingar Alþjóðabankans samkvæmt samningi þessum séu fallnar niður.

Ef Alþjóðabankinn er samþykkur ákvæðum samnings þessa eruð þér vinsamlegast beðinn að staðfesta samþykki yðar með því að undirrita og dagsetja bréf þetta og senda okkur annað eintak þess.

Virðingarfyllst,
Ingvi S. Ingvarsson,
sendiherra Íslands

Staðfest fyrir hönd
Alþjóðabankans
og
Alþjóðaframfarastofnunarinnar

Moeen A. Qureshi,
1. varaforseti rekstrarsviðs

shall be entitled to continue withdrawals from the T-Account in respect of such agreements as if this arrangement had not been so terminated. Any balance in the T-Account at the completion of such withdrawals shall be returned to the Government of Iceland and the World Bank's responsibilities under this arrangement shall be considered terminated.

If the provisions of this arrangement are acceptable to the World Bank, please confirm your agreement by signing and dating this letter and returning one copy to us.

Sincerely,
Ingvi S. Ingvarsson
Ambassador of Iceland

Confirmed on behalf of the
International Bank for Reconstruction
and Development, and
the International Development Association

Moeen A. Qureshi
Senior Vice President, Operations

Fylgiskjal 2.

5. mars 1990

Hr. Moeen A. Qureshi,
1. varaforseti rekstrarsviðs,
Alþjóðabankanum
1818 H Street, N.W.
Washington, D.C. 20433.

Kæri hr. Qureshi,

Vísað er til ráðgjafasjóðssamningsins sem ríkisstjórn Íslands stóð að með bréfaskiptum 5. mars 1990. Þótt samningurinn vísi aðeins til Alþjóðabankans (IBRD) og Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA), sem kallast sameiginlega Alþjóðabankinn, má þó einnig beita honum að vild Alþjóðabankans í viðeigandi tilvikum um verkefni sem Alþjóðalánastofnunin (IFC) hefur tekist á hendur.

Virðingarfyllst,
Ingvi S. Ingvarsson,
sendiherra Íslands

March 5, 1990

Mr. Moeen A. Qureshi
Senior Vice President, Operations
The World Bank
1818 H Street, N.W.
Washington, D.C. 20433

Dear Mr. Qureshi:

This is in reference to the Consultant Trust Fund Agreement that was established by the Government of Iceland through an exchange of letters dated March 5, 1990. Although the Agreement refers only to the International Bank for Reconstruction and Development (IBRD) and the International Development Association (IDA), collectively referred to as the World Bank, the Agreement may, however, at the discretion of the World Bank also be applied in appropriate cases to assignments undertaken by the International Finance Corporation (IFC).

Sincerely,
Ingvi S. Ingvarsson
Ambassador of Iceland